

1. desember 1986

973

Nr. 477

REGLUGERÐ

um hækkun á bótum almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 4,59% frá 1. desember 1986 að telja frá því sem þær eru 30. nóvember 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. desember 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 380/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

27. nóvember 1986

Nr. 478

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986.

1. gr.

7. mgr. 18. gr. orðist svo:

Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta uppbótar (frekari uppbótar) á lífeyri sinn samkvæmt 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 351/1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds af viðtæki í hans eigu, enda sé viðtækið hagnýtt til einkanota. Undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að tilkynning berst Ríkisútvarpinu um að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti uppbóta á lífeyri samkvæmt fyrrnefndu reglugerðarákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 sbr. 1. gr. laga um breyting á útvarpslögum nr. 40/1986 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. nóvember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

B 81